



Langanesbyggð

Fundargerð 6. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts

haldinn 25. maí 2020, kl. 12 að Fjarðarvegi 3

Mætt: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson í fjarfundarsambandi, Halldóra Pálsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir og Jónas Egilsson sveitarstjóri og formaður rekstrarstjórnar, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Covid-19 mál

Hjúkrunarforstjóri fór yfir áhrif Covid-smithættu á rekstur og starfsemi Nausts. Heimsóknarbann var sett 7. mars sl. sem nú hefur verið slakað á eftir 4. maí. Lokun hafði neikvæð áhrif á dvalargesti. Frekari tilslakanir voru gerðar 18. maí og eftir 2. júní verður að óbreyttu verður takmörkunum aflétt. Alls söfnuðust frá íbúum og fyrirtækjum á svæðinu 1.940. þús. kr. sem hafa verið nýttar í tækjakaup íbúa og fyrirtækja á svæðinu sem hafa verið nýtt vel. Áætlaður viðbótarkostnaður annar vegna Covid er um 460 þús. kr.

2. Starfsmannamál

Unnið er að lausn veikindaréttamálum einstakra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri fór yfir starfsmannamálin í sumar og haust. Þau mál standa vel. Áætlun um styttingu vinnuvikunnar er í vinnslu. Auglýstar hafa verið stöður hjúkrunarforstjóra og rekstrarstjóra. Þau mál eru einnig í vinnslu.

3. Launaáætlun

Nauðsynlegt er að endurskoða launaáætlun Nausts fyrir árið. Rekstrarstjóri sendir inn tillögu með viðbótum að tillögu hjúkrunarforstjóra og rekstrarstjóra til afgreiðslu fyrir sveitarstjórn.

4. Nýting rýma

Farið var yfir nýtingu rýma á Nausti það sem er af ári.

5. Önnur mál

- a) Iðjubjálfari er kominn til starfa á Nausti í einn dag í viku (20% starfshlutfall hjá Langanesbyggð) og hefur gefist vel.
- b) Fundur Sambands ísl. sveitarfélaga um málefni hjúkrunarheimila 19. maí 2020. Rætt um fjárveitingu frá ríkinu sem ekki er nægjanleg og ekki er heldur tekið tillit til stærðar og staðsetningar hjúkrunarheimila.
- c) Framkvæmdum er lokið. Samantekt á kostnaði verður tekin saman fljótlega og herbergin komin í notkun. Nokkur atriði eru óleyst og eru þau í vinnslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.

Sigurður Þór Guðmundsson (sign.)